

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um skil á upplýsingum (CRS) vegna tekjuársins 2024, sbr. reglugerð nr. 1240/2015.

Fjármálastofnanir sem tilkynningarskyldar eru skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála, skulu skila upplýsingum vegna ársins 2024 um CRS tilkynningarskylda reikninga til Skattsins eigi síðar en 20. janúar 2025. Tilkynningar- og upplýsingaskyldan tekur til tilkynningarskyldra reikninga, (innlánsreikninga, vörslureikninga, váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði og lífeyrissamninga auk eignarréttinda og skuldareignar í tilviki fjárfestingaraðila).

- Þegar áreiðanleikakönnun skv. III. kafla reglugerðarinnar leiðir í ljós að reikningshafi, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, sé tilkynningarskyldur aðili skal skila m.a. eftirfarandi upplýsingum:
 - Nafni, heimilisfangi og erlendri skattkennitölu sérhvers tilgreinds erlends reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningarskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera erlendur en áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri ráðandi aðila (*e. controlling person*), sem teljast erlendir aðilar, skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og erlenda skattkennitölu þeirra, sbr. 40. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015.
 - Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
 - Reikningsstöðu í árslok 2024. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2024 skal tilkynna reikningsstöðu eða virði við lokun.
 - Mynt allra fjárhæða.
- Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
 - Sé um innlánsreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjufærðra vaxta á árinu 2024.
 - Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávöxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2024.
- Sé reikningshafi óvirkur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, sbr. 42. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og skattkennitölur tilkynningarskyldra stjórnandi aðila.
- Tilkynningarskyldar fjármálastofnanir skulu ætíð skila skýrslum í samræmi við skilalýsingu til Skattsins, þrátt fyrir að hafa enga reikninga haft í eigu eða umráðum tilkynningarskyldra aðila á almanaksárinu. Eftir atvikum skal færa núll í viðeigandi reiti.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til Skattsins kann slík háttsemi að varða sektum.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef Skattsins á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crs/>.

Allar fyrirspurnir um ofangreind gagnaskil skal senda á netfangið: crs.fatca@skatturinn.is.

Auglýsing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. nóvember 2024.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.